

8. fundur í háskólaráði Landbúnaðarháskóla Íslands

haldinn að Keldnaholti fimmtudaginn 7. apríl kl. 12:15. Fundinn sátu eftirtaldir fulltrúar: Ari Teitsson, Brynhildur Einarsdóttir, Hákon Sigurgrímsson, Emma Eypórsdóttir, Stefán Kalmansson, Jón Torfi Jónasson, Jón Örvar Jónsson og Ágúst Sigurðsson rektor. Einnig Björn Þorsteinsson aðstoðarrektor og Þorvaldur T. Jónsson rekstrarstjóri.

Rektor bauð Emmu Eypórsdóttur velkomna sem nýjan fulltrúa starfsmanna í háskólaráði. Fundargerð 7. fundar var borin upp og samþykkt.

Gengið var til eftirfarandi dagskrár:

1. Þróun mála frá síðasta fundi. Rektor gerði grein fyrir helstu viðfangsefnum síðustu vikna sem einkum eru fjármál, þróun námsbrauta og kynningarmál. Lögð var áhersla á að rétt væri staðið að kynningarmálum svo sem með kynningum í framhaldsskólum. Þá kom fram að kjarasamningum er nú lokið af hálfu stærstu stéttarfélaganna innan stofnunarinnar og gerð stofnanasamninga komin á rekspöl.
2. Rekstraráætlun ársins 2005. Rekstrarstjóri lagði fram rekstraráætlun og kynnti meginefni hennar. Jafnframt gerðu rektor og rekstrarstjóri grein fyrir áætluðum kostnaði vegna samruna stofnananna og þeirri neikvæðu fjárhagsstöðu sem útlit er fyrir að Landbúnaðarháskóli Íslands taki við af eldri stofnunum. Háskólaráð samþykkti rekstraráætlunina en lýsti jafnframt yfir áhyggjum af þeirri fjárhagsstöðu sem stofnuninni er búin í upphafi og telur mikilvægt að fjárveiting fái til að greiða kostnað vegna sameiningarinnar og þær skuldir sem Landbúnaðarháskóli Íslands yfirtók frá forverum sínum.
3. Endurskoðun námsbrauta. Björn Þorsteinsson aðstoðarrektor gerði grein fyrir undirbúningsvinnu við uppbyggingu nýrrar námsbrautar, náttúra-umhverfi. Brautin mun víkka út námsframboð við skólann og tilkoma hennar miðar að því að fjölga nemendum við skólann. Fram kom að mikilvægt væri að draga fram sérstöðu skólans sem felst m.a. í nýtingu náttúrunnar og skipulagningu hennar. Mikilvægt er að sá þáttur sem lýtur að nýtingu náttúrunnar sé áberandi í námsframboði skólans ekki síður en sá sem snýr að náttúruvernd. Því þurfi að leggja áherslu á að í námið feli í sér fræðslu um hagfræði, rekstur og markað. Í umræðum komu fram hugmyndir um að “nýting” yrði bætt inn í nafn námsbrautarinnar. Þá var bent á að hætta er á að nýjum námsbrautum fylgi ekki nægilegar fjárveitingar og að því þurfi að hyggja. Háskólaráð lýsti sig að öðru leyti samþykkt því að bjóða upp á þessa námsbraut á hausti komanda.
4. Umsækjendur um prófessorsstöðu í umhverfiseild. Sex manns sóttu um stöðuna, Aðalsteinn Sigurgeirsson, Ása L. Aradóttir, Bjarni Diðrik Sigðursson, Ingibjörg Svala Jónsdóttir, Ingileif S. Jónsdóttir og Ragnhildur Sigurðardóttir.
5. Fyrirkomulag dómnefndar – tilnefningar. Háskólaráð samþykkti að tilnefna tvo fulltrúa í dómnefnd, Dr. Björn Þorsteinsson prófessor Lbhí, til vara fyrir hann Dr. Áslaugu Helgadóttur deildarforseta auðlindadeildar Lbhí og einnig Dr. Guðmund Eggertsson prófessor emiritus HÍ og til vara Dr. Hrefnu Sigurjónsdóttur prófessor KHÍ.

6. Blikastaðasjóður – tilnefning í stjórn. Háskólaráð tilnefnir einn fulltrúa í þriggja manna stjórn sjóðsins. Samþykkt að tilnefna Emmu Eyþórsdóttur.
7. Önnur mál. Stefnt að umræðu um stefnumótun landbúnaðarháskólans á næsta fundi. Ari lét í ljós nauðsyn þess að efla umræðu um hagfræði í landbúnaði og að efla hagþjónustu landbúnaðarins og aðrir fulltrúar tóku undir það sjónarmið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15:40 en að fundi loknum var farið í skoðunarferð um húsakynni LbhÍ á Keldnaholti.

Þorvaldur T. Jónsson
fundarritari.